

Samstarfssamningur

ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og tollstjóra.

1. Samstarfsaðilar

Ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri ríkisins og tollstjóri eru aðilar að samningi þessum.

2. Markmið

Markmið samningsins er að efla og styrkja samstarf ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og tollstjóra á þeim sviðum þar sem verkefni geta skarast.

3. Meginverkefni og hlutverk samstarfsaðila

3.1. *Hlutverk ríkisskattstjóra.* Ríkisskattstjóri hefur með höndum álagningu opinberra gjalda og annarra skatta og gjalda og annast skatteftirlit og endurákvörðun skatta og gjalda þegar við á.

3.2. *Hlutverk skattrannsóknarstjóra ríkisins.* Skattrannsóknarstjóri fer með rannsóknir skattsvika og annarra skattalagabrota, auk þess sem hann fer með rannsókn á brotum á lögum um bókhald og ársreikninga. Þá tekur hann ákvörðun um refsimeðferð í kjölfar skattrannsókna.

3.3. *Hlutverk tollstjóra.* Tollstjóri hefur eftirlit með inn- og útflutningi og leggur á aðflutningsgjöld á innfluttar vörur. Þá fer embættið með rannsókn tollalagabrota. Auk þess innheimtir tollstjóri skatta og gjöld í umdæmi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Embættið hefur einnig eftirlit með og er leiðbeinandi um framkvæmd innheimtumála á landsvísu.

4. Samstarf um eftirlitsverkefni og rannsóknir tolla- og skattalagabrota, auk upplýsingaskipta varðandi innheimtu opinberra gjalda o.fl.

4.1. Samstarfsaðilar samningsins skulu eftir atvikum skiptast á þeim upplýsingum er þeir telja að nýst geti hver öðrum við eftirlit og/eða rannsóknir og innheimtu í þeim málaflokkum sem þeir annast framkvæmd á.

4.2. Skattyfirvöld skulu eftir atvikum miðla til tollstjóra upplýsingum um mögulegar eignir þeirra einstaklinga og félaga sem sæta endurákvörðun opinberra gjalda og sömuleiðis þegar ákvörðun hefur verið tekin um að krefjast aðfarar vegna vanskila á opinberum gjöldum.

4.3. Samstarfsaðilar skulu hafa með sér samstilltar aðgerðir er varða skráningu erlendra aðila á virðisaukaskattsskrá, s.s. vegna erlendra ferðaþjónustuaðila.

4.4. Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ríkisins stefna að auknu samráði er varðar mat á því hvort mál fari í skatteftirlit eða skattrannsókn, m.a. til að koma í veg fyrir að sama mál sé til meðferðar hjá báðum aðilum á sama tíma ef þess er ekki þörf.

4.5. Þegar farið er í sameiginlegt átak á grundvelli samningsins er haft samráð á milli samstarfsaðila um val á viðfangsefnum á grundvelli þeirra heimilda sem þeir hafa í lögum. Í slíkum tilvikum sér ríkisskattstjóri um val á skoðunarandlögum sem tekin eru til eftirlits. Skattrannsóknarstjóri sér um val á skoðunarandlögum sem tekin eru til rannsókna. Á sama hátt sér tollstjóri um val á andlögum sem tekin eru til skoðunar varðandi hertar innheimtuaðgerðir.

4.6. Ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri ríkisins skulu hafa með sér samráð við úrlausn minni skattsvikabrota.

4.7. Ríkisskattstjóri, skattrannsóknarstjóri ríkisins og Tollstjóri skulu móta sér sameiginlega stefnu um atvinnugreinar eða önnur atriði sem þarfnast skoðunar hverju sinni.

4.8. Auka skal samstarf á milli skattrannsóknarstjóra ríkisins og tollstjóra varðandi kyrrsetningu á eignum vegna aðila er sæta skattrannsókn. Kyrrsetningar skulu að jafnaði framkvæmdar á upphafsstigum rannsóknar.

4.9. Skattrannsóknarstjóri ríkisins og tollstjóri skulu skiptast á upplýsingum er nýst gætu vegna rannsóknar á aðilum sem ekki hafa staðið skil á vörslusköttum.

4.10. Haldnir skulu reglulegir samráðs- og verkfundir ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og tollstjóra, þar sem eftir atvikum eru settar fram samstilltar aðgerðir í einstökum málum eða málaflokkum.

4.11. Í febrúar hvert ár munu samstarfsaðilar samningsins skila greinargerð til fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem gerð er grein fyrir sameiginlegum verkefnum þeirra undanfarið ár og árangri af samstarfinu á grundvelli samningsins.

5. Gildistaka o.fl.

Samningurinn öðlast gildi við undirritun og er í gildi þar til að annað verður ákveðið. Aðilar samnings þessa skulu gæta fyllsta trúnaðar varðandi allar upplýsingar er þeir kunna að fá í samstarfi þessu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Reykjavík, 21. júní 2016



Skuli Eggert Þorðarson
ríkisskattstjóri



Bryndis Kristjansdóttir
skattrannsóknarstjóri



Snorri Olsen
tollstjóri